# Miðvikudagur 22. mars

## SJÓNVARPIÐ

18.00 **Töfragluggi Bomma.** Umsjón Árný Jóhannsdóttir.
18.50 **Táknmálsfréttir.**
19.00 **Poppkorn.** Umsjón Stefán Hilmarsson.
19.25 **Hver á að ráða?** (Who is the Boss?). Nýr flokkur í bandaríska gamanmyndaflokknum um einstæða föðurinn sem tekur að sér hússtörfin fyrir önnum kafna húsmóður. Aðalhlutverk Tony Danza, Judith Light og Katharine Helmond. Þýðandi Ýrr Bertelsdóttir.
19.54 **Ævintýri Tinna.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.35 **Dagskrá Sjónvarps.** Kynning á sjónvarpsdagskránni yfir hátíðarnar.
20.50 **Dagskrá Útvarps.** Kynning á útvarpsdagskránni yfir hátíðarnar.
21.00 **Nick Knatterton.** Þýsk mynd um ævintýri leynilögreglumannsins snjalla. Sögumaður Hallur Helgason.
21.15 **„Af síldinni öll erum orðin rík ...“.** Ný íslensk heimildamynd eftir Hjálmtý Heiðdal og Finnboga Hermannsson. Myndin fjallar um síldarævintýrið í Árneshreppi á Ströndum er hófst árið 1934 með byggingu síldarbræðslu á Djúpavík.
22.05 **Njósnari af lífi og sál.** (A Perfect Spy). Lokaþáttur. Breskur myndaflokkur í sjö þáttum, byggður á samnefndri sögu eftir John Le Carré. . Aðalhlutverk Peter Egan, Ray McNally, Rudiger Weigand og Peggy Ashcroft. Þýðandi Páll Heiðar Jónsson.
23.00 **Seinni fréttir.**
23.10 **Þriðji maðurinn.** (The Third Man). Bandarísk bíómynd frá 1949. Leikstjóri Carol Reed. Aðalhlutverk Orson Welles, Joseph Cotton og Trevor Howard. Ungur Bandaríkjamaður kemur til Vínar í lok seinni heimsstyrjaldarinnar til að hitta vin sinn Harry Lime. Þýðandi Jón Thor Haraldsson. Myndin var áður á dagskrá 1977.
00.50 **Dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

15.45 **Santa Barbara.** Bandarískur framhaldsþáttur.
16.30 **Miðvikubitinn.** Sitt lítið af hverju og stundum að tjaldabaki.
17.25 **Golf.** Sýnt verður frá glæsilegum erlendum stórmótum.
18.20 **Handbolti.** Sýnt verður frá 1. deild karla.
19.19 **19:19.** Fréttir og fréttaumfjöllun, íþróttir, og veður ásamt fréttatengdum innslögum.
20.30 **Skýjum ofar.** Reaching for the Skies. Mjög athyglisverður myndaflokkur í tólf þáttum um flugið. 5. þáttur.
21.35 **Af bæ í borg.** Perfect Strangers. Gamanmyndaflokkur um frændurna Larry og Balki og bráðskemmtilegt lífsmynstur þeirra.
22.00 **Leyniskúffan.** Trior Secret. Spennandi framhaldsmyndaflokkur í sex þáttum. 4. þáttur. Aðalhlutverk: Michele Morgan, Daniel Gelin, Heinz Bennent og Michael Lonsdale. Leikstjórar: Edouard Molinaro, Roger Gallioz, Michel Boisrond og Nadine Trintignant.
23.00 **Viðskipti.** Íslenskur þáttur um viðskipti og efnahagsmál í umsjón Sighvats Blöndahl og Ólafs H. Jónssonar.
23.30 **Indiana Jones og musteri óttans.** Indiana Jones and the Temple of Doom. Ævintýra- og spennumynd í sérflokki. Fornleifafræðingurinn Indiana Jones leitar hins fræga Ankara steins. Aðalhlutverk: Harrison Ford, Kate Capshaw, Amrish Puri, Roshan Seth og Philip Stone, Leikstjóri: Steven Spielberg. Ekki við hæfi barna.
01.25 **Dagskrárlok.**

## Rás I
FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, dr. Bjarni Sigurðsson flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið með Ingveldi Ólafsdóttur.** Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15. Lesið úr forustugreinum dagblaðanna að loknu fréttayfirliti kl. 8.30.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Litli barnatíminn** – Sögustund með Gyðu Ragnarsdóttur, en hún segir sögurnar um Fóu feykirófu og Búkollu. (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
9.20 **Morgunleikfimi.** Umsjón: Halldóra Björnsdóttir.
9.30 **Íslenskur matur.** Kynntar gamlar íslenskar mataruppskriftir sem safnað er í samvinnu við hlustendur og samstarfsnefnd um þessa söfnun. Sigrún Björnsdóttir sér um þáttinn.
9.40 **Landpósturinn** – Frá Austurlandi. Umsjón: Haraldur Bjarnason.
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Óskastundin.** Helga Þ. Stephensen kynnir efni sem hlustendur hafa óskað eftir að heyra, bókarkafla, smásögur og ljóð. Tekið er við óskum hlustenda á miðvikudögum milli kl. 17.00 og 18.00.
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Kynntur tónlistarmaður vikunnar: Helga Ingólfsdóttir, semballeikari. Umsjón: Bergþóra Jónsdóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti nk. föstudag.)
11.55 **Dagskrá.**
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
13.05 **Í dagsins önn** – Dagvistun: Börn í geymslu eða námi. Umsjón: Jón Gunnar Grjetarsson.
13.35 **Miðdegissagan:** „Í sálarháska“, ævisaga Árna prófasts Þórarinssonar, skráð af Þórbergi Þórðarsyni. Pétur Pétursson les (17.)
14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
14.05 **Norrænir tónar.**
14.30 **Íslenskir einsöngvarar og kórar.** Margrét Eggertsdóttir, Karlakórinn Fóstbræður, Guðmunda Elíasdóttir og Árni Jónsson syngja íslensk lög. (Hljóðritanir Útvarpsins.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **Vísindaþátturinn.** Umsjón: Jón Gunnar Grjetarsson. (Endurtekinn þáttur frá mánudagskvöldi.)
15.45 **Þingfréttir.**
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin.** Dagskrá.
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið** – „Dimmalimm“. Arnar Jónsson les og sagt verður frá höfundi sögunnar, Guðmundi Thorsteinssyni, Mugg.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Sinfónía nr.** 3 í Es-dúr, „Hetjuhljómkviðan“ eftir Ludwig van Beethoven. Gewandhaushljómsveitin í Leipzig leikur; Kurt Masur stjórnar. (Af hljómdiski.)
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Á vettvangi.** Umsjón: Bjarni Sigtryggsson, Guðrún Eyjólfsdóttir og Páll Heiðar Jónsson. Tónlist. Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.**
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.32 **Kviksjá.** Umsjón: Friðrik Rafnsson og Halldóra Friðjónsdóttir.
20.00 **Litli barnatíminn** – Sögustund með Gyðu Ragnarsdóttur, en hún segir sögurnar um Fóu feykirófu og Búkollu. (Endurtekinn frá morgni.)
20.15 **Tónskáldaþingið í París 1988.** Sigurður Einarsson kynnir verk samtímatónskálda, verk eftir Sylvia Bodorova frá Júgóslavíu og Vasco Martins frá Grænhöfðaeyjum.
21.00 **Að tafli.** Jón Þ. Þór sér um skákþátt.
21.30 **Fjölmiðlauppeldi.** Umsjón: Ásgeir Friðgeirsson. (Endurtekinn þáttur frá sl. föstudegi úr þáttaröðinni „Í dagsins önn“.)
22.00 **Fréttir.** Dagskrá morgundagsins.
22.15 **Veðurfregnir.**
22.20 **Lestur Passíusálma.** Guðrún Ægisdóttir les 49. sálm.
22.30 **Mannréttindadómstóll Evrópu.** Umsjón: Guðrún Eyjólfsdóttir.
23.10 **Djassþáttur.** – Jón Múli Árnason.
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Samhljómur.** Umsjón: Anna Ingólfsdóttir. (Endurtekinn frá föstudagsmorgni.)
01.00 **Veðurfregnir.** Næturútvarp á samtengdum rásum til morguns.

## RÁS 2 FM 90,1

01.10 **Vökulögin.**
7.03 **Morgunútvarpið.** Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum, spyrja tíðinda víða um land, tala við fólk í fréttum og fjalla um málefni líðandi stundar. Fréttir kl. 8.00, veðurfregnir kl. 8.15 og leiðarar dagblaðanna kl. 8.30.
9.03 **Stúlkan sem bræðir íshjörtun,** Eva Ásrún kl. 9. Morgunsyrpa Evu Ásrúnar Albertsdóttur. - Afmæliskveðjur kl. 10.30.
11.03 **Stefnumót.** Jóhanna Harðardóttir tekur fyrir það sem neytendur varðar á hvassan og gamansaman hátt.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.15 **Heimsblöðin.**
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu.** Gestur Einar Jónasson leikur þrautreynda gullaldartónlist og gefur gaum að smáblómum í mannlífsreitnum.
14.05 **Milli mála,** Óskar Páll á útkíkki og leikur ný og fín lög. – Útkíkkið upp úr kl. 14 og kynntur sjómaður vikunnar.
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp fyrir þá sem vilja vita og vera með. Stefán Jón Hafstein, Ævar Kjartansson og Sigríður Einarsdóttir. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00, hlustendaþjónustan kl. 16.45. – Bréf af landsbyggðinni berst hlustendum eftir kl. 17. – Stórmál dagsins milli kl. 17 og 18.
18.03 **Þjóðarsálin.** Þjóðfundur í beinni útsendingu. Málin eins og þau horfa við landslýð. Sími þjóðarsálarinnar er 38500.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.32 **Íþróttarásin.** Umsjón: Íþróttafréttamenn og Georg Magnússon.
22.07 **Á rólinu.** með Önnu Björk Birgisdóttur.
01.10 **Vökulögin.** Tónlist af ýmsu tagi í næturútvarpi til morguns. Sagðar fréttir af veðri, færð og flugsamgöngum kl. 5.00 og 6.00. Veðurfregnir frá Veðurstofu kl. 1.00 og 4.30. Fréttir kl. 2.00, 4.00, 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.
8.07 – 8.30 **Svæðisútvarp Norðurlands.**
18.03 – 19.00 **Svæðisútvarp Norðurlands.**

## Stjarnan FM 102,2 & 104

7.30 **Jón Axel Ólafsson** vaknar hress og vekur hlustendur með skemmtilegri tónlist við allra hæfi, spjallar við hlustendur og tekur púlsinn á ýmsum málum. Fréttir kl. 8.00 og fréttayfirlit kl. 8.45.
10.00 **Helgi Rúnar Óskarsson.** Hver vinnur 10.000 kallinn? Sá eða sú sem hringir í síma 681900 og er hlustandi númer 102, vinnur 10.000 krónur í beinhörðum peningum. Helgi spilar að sjálfsögðu nú sem fyrr öll nýjustu lögin og kryddar blönduna hæfilega með gömlum góðum lummum.
14.00 **Gísli Kristjánsson** spilar óskalögin og rabbar við hlustendur. Síminn er 681900.
18.00 **Af líkama og sál.** Bjarni Dagur Jónsson stýrir þætti sem fjallar um okkur sjálf, manneskjuna og hvernig best er að öðlast andlegt öryggi, skapa líkamlega vellíðan og sálarlegt jafnvægi. Af líkama og sál er opinn vettvangur fyrir skoðanaskipti og þú getur komið með þína spurningu til viðmælanda Bjarna Dags.
19.00 **Setið að snæðingi.** Þægileg tónlist á meðan hlustendur snæða kvöldmatinn.
20.00 **Sigurður Helgi Hlöðversson og Sigursteinn Másson.** Þessir tveir bráðhressu dagskrárgerðarmenn fara á kostum á kvöldin. Óskalagasíminn sem fyrr 681900.
24.00 **Næturstjörnur.** Ókynnt tónlist úr ýmsum áttum til morguns. Fréttir á Stjörnunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 8.45.

## FM 98,9 BYLGJAN

7.30 **Páll Þorsteinsson:** Þægileg morguntónlist sem gott er að vakna við. Fréttir kl. 8 og Potturinn kl. 9.
10.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Góð tónlist með vinnunni. Fréttir kl. 10, 12 og 13. Potturinn kl. 11. Bibba og Halldór koma milli kl. 10 og 11.
14.00 **Þorsteinn Ásgeirsson.** Góð síðdegistónlist. Óskalagasíminn er 61 11 11. Fréttir kl. 14 og 16. Potturinn kl. 15 og 17. Bibba og Halldór milli kl. 17 og 18.
18.00 **Fréttir.**
18.10 **Reykjavík síðdegis – Hvað finnst þér?** Steingrímur Ólafsson og Bylgjuhlustendur spjalla saman. Síminn er 61 11 11.
19.00 **Freymóður T. Sigurðsson.**
20.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Tónlistin þín.
24.00 **Næturdagskrá Bylgjunnar.**

## ALFA FM·102,9

10.00 **Morgunstund.** Guðs orð og bæn.
10.30 **Alfa með erindi til þín.** Margvíslegir tónar sem flytja blessunarríkan boðskap.
20.00 **Vinsældaval Alfa.** Stjórnandi: Jóhanna Benný Hannesdóttir. (Endurtekið næstkomandi laugardag.)
22.00 **Í miðri viku.** Blandaður tónlistar- og rabbþáttur. Stjórn: Alfons Hannesson. (Endurtekið næstkomandi föstudag.)
24.00 **Dagskrárlok.**

## Rót ÚTVARP FM 106·8

9.00 **Rótartónar.** Leikin fjölbreytt tónlist fram til hádegis og tekið við óskalögum og kveðjum í síma 623666.
13.00 **Veröld ný og góð** eftir Aldous Huxley. Framhaldssaga.
13.30 **Nýi tíminn.** Bahá'ísamfélagið á Íslandi. E.
14.00 **Á mannlegu nótunum.** Flokkur mannsins. E.
15.00 **Úr ritverkum Þórbergs Þórðarsonar.** Jón frá Pálmholti les.
15.30 **Kvennalistinn.** Þingflokkur Kvennalistans. E.
16.00 **Búseti. E.**
16.30 **Umrót.** Tónlist, fréttir og upplýsingar um félagslíf.
17.00 **Samtökin '78.**
18.00 **Elds er þörf.** Umsjón: Vinstrisósíalistar. Um allt milli himins og jarðar og það sem efst er á baugi hverju sinni.
19.00 **Opið.** Þáttur laus til umsóknar fyrir þig.
19.30 **Frá vímu til veruleika. Krýsuvíkursamtökin.**
20.00 **FÉS.** Unglingaþáttur. Umsjón Arna.
21.00 **Barnatími.**
21.30 **Veröld ný og góð** eftir Aldous Huxley. Framhaldssaga. E.
22.00 **Við og umhverfið.** Þáttur í umsjá dagskrárhóps um umhverfismál á Útvarp Rót.
22.30 **Laust.**
23.00 **Samtök græningja.** E.
23.30 **Rótardraugar**
24.00 **Næturvakt til morguns með Kidda í Gramminu.** Fjölbreytt tónlist og svarað í síma 623666. Meðal efnis: Kl. 2.00 Hausaskak, þungarokksþáttur í umsjá Guðmundar Hannesar Hannessonar. E. frá mán.

## ÚTRÁS FM 104,8

12.00 **FB.**
14.00 **FG.**
16.00 **MR.**
18.00 **MS.**
20.00 **IR.**
22.00 **FB.**
24.00 **MR.**
02.00 **Dagskrárlok.**

## Útvarp HAFNARFJÖRÐUR FM91.7

18.00–19.00 **Í miðri viku.** Fréttir af íþróttafélögunum o.fl.
19.30–22.00 **Útvarpsklúbbur Öldutúnsskóla.**
22.00–24.00 **Útvarpsklúbbur Flensborgarskóla.**

## Hljóðbylgjan
**Reykjavík FM 95,7**
**Akureyri FM 101,8**

7.00 **Réttum megin fram úr.** Ómar Pétursson spjallar við hlustendur í morgunsárið, kemur með fréttir sem koma að gagni og spilar góða tónlist.
9.00 **Morgungull.** Hafdís Eygló Jónsdóttir á seinni hluta morgunvaktar, spilar tónlist við allra hæfi og segir frá ýmsum merkilegum hlutum. Afmæliskveðju- og óskalagasímarnir eru 27711 fyrir Norðlendinga og 625511 fyrir Sunnlendinga.
12.00 **Ókynnt hádegistónlist.**
13.00 **Perlur og pastaréttir.** Snorri Sturluson sér um tónlistina þína og lítur m.a. í dagbók og slúðurblöð. Símanúmerin fyrir óskalög og afmæliskveðjur eru 27711 fyrir Norðlendinga og 625511 fyrir Sunnlendinga.
17.00 **Síðdegi í lagi.** Þáttur fullur af fróðleik og tónlist í umsjá Þráins Brjánssonar. Meðal efnis er Belgurinn, upplýsingapakki og það sem fréttnæmast þykir hverju sinni.
19.00 **Ókynnt kvöldmatartónlist.**
20.00 **Axel Axelsson** er ykkar maður á miðvikudagskvöldum. Góð tónlist í fyrirrúmi.
23.00 **Þráinn Brjánsson** tekur endasprettinn. Góð tónlist fyrir svefninn.
1.00 **Dagskrárlok.**

## Stöð 2 kl. 23.30:

# Indiana Jones

Bandaríska bíómyndin Indiana Jones og musteri óttans í leikstjórn hins snjalla leikstjóra Stevens Spielberg er spennumynd í sérflokki. Þessi mynd, sem er frá árinu 1984, er óbeint framhald myndarinnar Leitin að týndu örkinni sem sýnd var á Íslandi við góða aðsókn fyrir nokkrum árum.



**Harrison Ford leikur fornleifafræðinginn Indiana Jones í samnefndri kvikmynd.**

Myndin gerist árið 1935. Fornleifafræðingurinn Indiana Jones leggur af stað í mikla leit að töfrasteininum Sankara. Í leitinni fer hann víða um heiminn og lendir í hinum ótrúlegustu ævintýrum.

Í myndinni er mikið um tæknibrellur og spennan heldur áhorfandanum föngnum.

Með aðalhlutverk fara Harrison Ford, Kate Capshaw og Dan Akroyd. Kvikmyndahandbækur gefa myndinni eina til tvær stjörnur en vara við atriðum í henni sem e.t.v. eru ekki við hæfi ungra barna.



**Joseph Cotton og Orson Welles fara með aðalhlutverkin í mynd Sjónvarpsins í kvöld.**

## Sjónvarp kl. 23.10:

# Þriðji maðurinn

Sögusviðið í þessari mynd er Vínarborg á árunum eftir síðari heimsstyrjöldina. Bandarískur rithöfundur, Holly Martin (Trevor Howard), hyggst hitta sinn gamla vin, Harry Lime (Orson Welles), í Vínarborg en kemst að því að Lime hafi látist í umferðarslysi nokkru áður. Martin fer fljótlega að gruna að ekki sé allt með felldu. Í ljós kemur að einn þeirra þriggja manna, sem voru viðstaddir er Lime á að hafa látist, hefur horfið. Leit Martins að „þriðja manninum“ leiðir hann í ýmsar ógöngur og undirheima Vínarborgar.

Þriðji maðurinn hefur hlotið einróma lof gagnrýnenda og fær fjórar stjörnur í kvikmyndahandbókum. Leikstjóri er Carol Reed. Myndin er rúmlega einn og hálfur klukkutími að lengd og er svarthvít.

## Stöð 2. kl. 22.00:

# Leyniskúffan

Fjórði þáttur af sex af frönsku framhaldsmyndinni Leyniskúffan (Trior Secret) verður á dagskrá Stöðvar 2 í kvöld. Þessir þættir fjalla um ekkju á sextugsaldri, Colette Dutilleul-Lemarchand að nafni, sem er nýorðin ekkja í þriðja sinn. Colette tók fráfall manns síns mjög nærri sér en óvæntir atburðir tengdir láti hans verða til þess að hún gleymir sorg sinni. Hana fer fljótlega að gruna að maður hennar sé ef til vill ekki látinn og hefur rannsókn á ferli hans. Þrátt fyrir sorg og sút lætur rómantíkin ekki á sér standa.



**Fjórði þáttur franska gamanmyndaflokksins Leyniskúffan er á dagskrá kl. 22.00.**

Colette hittir ekkjumanninn Franco og á með honum stundir sem fá hana til að gleyma hinum dularfulla dauðdaga eiginmannsins.

Með aðalhlutverk í þessum þáttum fara Michele Morgan, Daniel Gelin og Heinz Bennent.